



Forvarnarmolar til foreldra/forsjáraðila fyrir sumarið 2025

Sumarið er framundan með öllum sínum ævintýrum. Í sumarfrí skólanna breytist dagskipulagið hjá börnunum okkar, ný verkefni taka við og gott er að hafa í huga að foreldraábyrgðin er upp í 18 ára aldur og fer ekki í sumarfrí – við höfum enn lykilhlutverki að gegna.

Sveitarfélagið Árborg tekur þátt í forvarnarátakinu **Verum klár** í von um að vekja samfélagið til vitundar um þær áskoranir sem blasa við í forvarnarstarfi. Átakinu er ætlað að ná til barna og ungmenna með jákvæðum og uppbyggilegum skilaboðum, en líka til foreldra og annarra mikilvægra aðila í forvarnarstarfi. Meginstefið í tilfelli foreldra er: **Verum klár** á því sem skiptir sköpum fyrir velsæld barna okkar og ungmenna.

- Ræðum við börnin okkar um mörk, samþykki og heilbrigð sambönd.
- Fylgjumst með – hvar þau eru, með hverjum og hvað þau eru að gera.
- Þekkjum vini barnanna okkar og foreldra þeirra.
- Virðum aldurstakmarkanir um útivist, vímuefni og snjalltækjanotkun.

Síðustu ár hefur því miður orðið bakslag, bæði hvað varðar utanumhald foreldra auk þess sem neysla vímuefna er að aukast og ofbeldi fer vaxandi.

Við viljum hvetja foreldra til að **vera klár** og mikilvægi þess að taka höndum saman, standa vörð um fyrrgreinda verndandi þætti og virða aldurstakmarkanir. Bæjarhátíðir eru ekki ætlaðar eftirlitslausum börnum og unglingum. Þegar kemur að félags- og skemmtanalífi ungmenna gegna foreldrar lykilhlutverki, bæði sem fyrirmyndir og eftirlitsaðilar.

Félagsmiðstöðin Zelsíuz verður með vettvangsstarf í sumar. Starfsfólk Zelsíuz verður á ferðinni fimmtudags- til laugardagskvöld, frá 12. júní til 19. júlí. Sumarstarfið er tvískipt, flakkandi pop-up viðburðir, þar sem boðið verður upp á vinsæla dagskráliði félagsmiðstöðvarinnar á vinsælum samkomustöðum í sveitarfélaginu og vettvangsstarf. Vettvangsstarfið fer fram til kl. 01:00 eða lengur eftir þörfum. Einnig verður lögð áhersla á bæjarhátíðir í Árborg, t.d Kótelettuna og Sumar á Selfossi.

Munum: Börn og unglingar þurfa nærveru, leiðsögn og mörk – ekki eftirlitsleysi. Verum með þeim, hlustum, og tökum þátt í sumrinu með þeim.

Verum öll klár í sumar – tökum höndum saman, látum okkur málin varða og verðum öll riddarar kærleikans.